

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalda á Akureyri, nr. 365/2006.

11. gr. orðist svo:

Viðbyggingar og ný hús á byggðum lóðum.

Ef breyting íbúðarhúss felur í sér fjölgun íbúða, skal við veitingu byggingarleyfis greiða gatnagerðargjald af hverri viðbótaríbúð skv. húshluta 4. gr.

Ef íbúðarhús er stækkað eða nýtt byggt á lóð sem hefur verið veitt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal við veitingu byggingarleyfis greiða gatnagerðargjald af hverri viðbótaríbúð skv. húshluta 4. gr. og einnig 90% gjalds skv. lóðarhluta 4. gr. af brúttófermetrum húss eða viðbyggingar.

Af viðbyggingum og nýjum húsum á lóðum sem falla undir 6.-7. tl. 4. gr. og veittar eru eftir 15. desember 1998 reiknast ekki gatnagerðargjald ef viðbygging eða nýtt hús felur ekki í sér hækkun á leyfðu nýtingarhlutfalli. Ef um er að ræða hækkun á nýtingarhlutfalli skal við veitingu byggingarleyfis greiða gatnagerðargjald skv. húshluta 4. gr., 6. eða 7. tl., eftir því sem við á, í samræmi við hækkun á leyfðu nýtingarhlutfalli.

Af viðbyggingum og nýjum húsum á lóðum sem falla undir 6.-7. tl. 4. gr. og veittar eru fyrir 15. desember 1998 skal við veitingu byggingarleyfis greiða gatnagerðargjald skv. húshluta og 90% gjalds skv. lóðarhluta 4. gr., 6. eða 7. tl., eftir því sem við á, af brúttófermetrum húss eða viðbyggingar.

Akureyri, 5. október 2006.

Ármann Jóhannesson, sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2006